



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 25. október 2022

Umsögn Rannsóknamiðstöðvar Íslands um „Frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð“

Mál nr. 188/2022. 153. löggjafarþing 2022-2023

Frumvarp þetta um nýtt fyrirkomulag vísinda- og nýsköpunarmála kemur nú til umsagnar í fjórða sinn og er það lofsvert að stjórnvöld leiti eftir umsögnum um þetta mikilvæga málefni á svo ítarlegan hátt.

Rannís hefur sent inn umsagnir um fyrri drög að þessu frumvarpi. Athugasemdir Rannís hafa m.a. snúist um mikilvægi þess að nýtt Vísinda- og nýsköpunarráð hafa gott samráð við hagaðila í vísindum og nýsköpun. Einnig hefur Rannís bent á að sjálfstæði ráðsins verði best tryggt með því að fagleg umsýsla þess, þ.m.t. upplýsingasöfnun og greining um rannsóknir og nýsköpun, sé á höndum stofnunar utan sjálfs Stjórnarráðsins. Að lokum má geta þess að Rannís hefur lagt til ýmsar breytingar á framkvæmd og umsýslu Markáætlunar í sínum umsögnum, enda er hún mikilvægt verkfæri til að hrinda í framkvæmd áherslumálum stjórnvalda eins og þau eru á hverjum tíma.

Við athugasemdum Rannís hefur verið brugðist að nokkru leyti og Rannís lýsir ánægju með að þessari vinnu sé að ljúka á farsælan hátt. Mikilvægt er að unnt verði að ljúka afgreiðslu málsins á Alþingi þannig að nýtt ráð geti tekið til starfa í apríl 2023, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Rannís mun halda áfram að sinna sínu lögbundna hlutverki hvað snertir gagnasöfnun, miðlun og greiningar eins og því er lýst í 5. lið 12. gr. laga 3/2003, en það hlutverk er nánast óbreytt í fyrirliggjandi frumvarpi. Einnig mun Rannís, eðli málsins samkvæmt, halda áfram sínu góða og nána samstarfi við stefnumótandi nefndir og ráð í þessum málaflokki, og við viðeigandi ráðuneyti, til að tryggja sem mesta samlegð í málaflokknum.

Virðingarfyllst,

Águst H. Ingþórsson
Forstöðumaður